

## Fundargerð

9. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSí Laugardal þriðjudaginn 30. október 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Gunnar Svavarsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:15 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Engin rafræn erindi samþykkt á milli funda. Fundargerð síðasta fundar frestað.

### 2. Þjóðarleikvangur í frjálsíþróttum í Laugardal

Ritari og formaður gerðu grein fyrir því að starfshópurinn hæfi störf nk. föstudag með fulltrúum Rvk og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Rætt um störf mannvirkjanefndar sem kom saman til fundar mánudaginn 29.10 og framkvæmdi stutta forskoðun á Laugardalsvelli. Sagt frá áfangaverkum nefndarinnar næstu mánuði. Lagt fram bréf frá formanni IAAF.

### 3. Uppskeruhátíð og formannafundur 23.11

Starfshópnum ásamt formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að undirbúningi. Einnig er Kára Steini falið að fara yfir og meta með afreksstjóra viðurkenningargrunninn í samræmi við tillögur nefnda og umræður stjórnar á fundinum.

### 4. Afreksmál

Afreksstjóri gerir grein fyrir keppnishaldi erlendis 2019. Gögnin send á stjórn.

### 5. NM í víðavangshlaupi

Undirbúningur í góðum farvegi, mikill fjöldi erlendra keppenda. Landslið Íslands valið innan tíðar. Engar brotalamir í verkefninu, veðurguðirnir hafa ekki gefið út afkomuspá.

### 6. NM í fjölþraut

Afreksstjóri gerir grein fyrir samræðum við aðildarfélög. Svíþjóð hefur boðist til að skipta og taka við mótinu. Athugað með lausnir, að öðrum kosti færist mótið til Svíþjóðar.

### 7. European Athletics Convention í Lausanne í Sviss.

Formaður leggur fram yfirgripsmikla greinargerð vegna ráðstefnunnar þar kom m.a. fram að Greg Rutherford fékk heiðursverðlaun. Frjálsíþróttakarlar Evrópu Kevin Mayer hélt stutta tölu og skoraði á áheyrendur að koma nú konunum í tugþrautina.

### 8. Önnur mál

a. Rætt um Víðavangshlaup Íslands.

b. Helgi Sigurður Haraldsson, segir af sér í varastjórn sökum anna. Þakkað góð störf.

c. Aðalbjörg Hafsteinsdóttir tekur við sem tengiliður stjórnar við laganefnd. Gunnar sem Svavarsson sem tengiliður stjórnar við mannvirkjanefnd.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00 með sögum af steininum í skónum frá 2012.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*